

# SKÝRSLA TILNEFNINGARNEFNDAR 2017

## Hlutverk

Markmiðið með skipun tilnefningarnefndar er að koma á gagnsæju og skýru fyrirkomulagi tilnefninga stjórnarmanna á aðalfundi félagsins, sem m.a. skapar hluthöfum þess forendur fyrir upplýstri ákvarðanatöku.

Hlutverk nefndarinnar er að tryggja að stjórn félagsins hafi yfir að búa breidd í hæfni, reynslu og þekkingu. Jafnframt að færni stjórnarmanna sé af þeim toga að hún nýtist félaginu og dótturfélögum þess.

Tilnefningarnefnd hefur ráðgefandi hlutverk við val á stjórnarmönnum og leggur tillögur þess efnis fyrir aðalfund. Við framkvæmd starfa sinna skal tilnefningarnefnd taka mið af heildarhagsmunum hluthafa félagsins. Nánari upplýsingar um hlutverk nefndarinnar má finna í starfsreglum hennar, sem aðgengilegar eru á heimasíðu Skeljungs, sem og í leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka Atvinnulífsins og Nasdaq Iceland um góða stjórnarhætti (leiðbeiningar VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti).

## Skipan

Nefndarmenn árið 2016-2017 voru Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs, Trausti Fannar Valsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, og Jón Diðrik Jónsson, stjórnarformaður Skeljungs. Katrín var á fyrsta fundi kjörin formaður nefndarinnar. Ingunn Agnes Kro, lögfræðingur Skeljungs, var ritari nefndarinnar.

Allir nefndarmenn eru óháðir félaginu og stjórnendum þess. Allir nefndarmenn eru jafnframt óháðir stórum hluthöfum félagsins.

## Starfsemi nefndarinnar

Vin undirritun skýrslunnar hafði nefndin fundað fimm sinnum, auk þess sem fyrirhugað var að funda eitt skipti til viðbótar. Á fundunum fór eftirfarandi fram.

Dagsetning fundar	Helstu verkefni
5. janúar 2017	<ul style="list-style-type: none"><li>Kosning formanns og útnefning ritara.</li><li>Starfsáætlun útbúin</li></ul>
9. janúar 2017 (Í fjarveru stjórnarmanns.)	<ul style="list-style-type: none"><li>Fundur með forstjóra. Kynning á fyrirtækinu, stefnu þess, starfsumhverfi og helstu áhættuþáttum. Mat forstjóra á störfum stjórnarinnar.</li></ul>

---

10. janúar 2017

(Í fjarveru stjórnarmanns.)

- Fundir með stjórnarmönnum, hverjum fyrir sig. Upplýsinga aflað um störf stjórnarinnar og mat stjórnarmanna á næstu verkefnum stjórnarinnar.

---

16. janúar 2017

- Viðmið um lykilhæfni og –þekkingu stjórnarinnar skilgreind.
- Eyðublað útbúið vegna tilnefninga og framboða til stjórnar, til birtingar á heimasíðu og til útsendingar til tuttugu stærstu hluthafa félagsins.
- Bréf útbúið til tuttugu stærstu hluthafa félagsins, þar sem hluthöfum var bent á möguleikann á að funda með nefndinni eða senda henni athugasemdir sínar um árangur stjórnarinnar, mat á hæfisskilyrðum og gerð tillagna um stjórnarmenn.

---

*Óskað var eftir tilnefningum til stjórnar á heimasíðu félagsins, þann 19. janúar 2017, í tengslum við birtingu eyðublaðs fyrir frambjóðendum til stjórnar. Framangreint bréf til tuttugu stærstu hluthafa í félaginu var sent samdægurs.*

*Hæfismati vegna sitjandi stjórnar, í tengslum við gerð stjórnarháttayfirlýsingar, var lokið þann 5. febrúar.*

---

17. febrúar 2017

(Í fjarveru stjórnarmanns)

- Mat lagt á óhæði, hæfni- og þekkingar-samsetningu frambjóðenda.
- Farið yfir árangursmat stjórnar.
- Kynjahlutföll skoðuð.
- Drög að tillögu til aðalfundar um stjórn útbúin.
- Tillaga til aðalfundar um breytingu á starfsreglum nefndarinnar útbúin.
- Drög að skýrslu nefndarinnar útbúin.

---

*Endanleg tillaga til aðalfundar um stjórn og endanleg útgáfa skýrslu nefndarinnar samþykkt þann 21. febrúar 2017, með tölvupósti.*

---

2. mars 2017

- Ný framboð verða yfirfarin, ef einhver verða.
  - Breyting verður gerð á tillögu nefndarinnar til aðalfundar um stjórn, ef þörf krefur.
  - Kynning fyrir aðalfund verður útbúin.
-

## Helstu niðurstöður nefndarinnar

### I. Skilgreining nefndarinnar á lykilhæfni og –þekkingu sem nýst gæti stjórn Skeljungs.

Tilnefningarnefndin greindi eftirfarandi lykilhæfni og –þekkingu fyrir stjórnina:

- Áhættustjórnun
- Breytingastjórnun
- Endurskoðun
- Fjármálastjórnun
- Lögfræði
- Mannauðsstjórnun
- Markaðsmál
- Sérþekking á lögum og lagalegu umhverfi fyrirtækisins
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Stjórnunarreynsla – almenn
- Stjórnunarreynsla úr orkufyrirtæki, olíufélagi eða sambærilegu fyrirtæki
- Tækniþekking á sviði fyrirtækisins eða annarra sviða orkugeirans
- Þekking á alþjóðlegu umhverfi olíugeirans eða annarra orkugeira
- Þekking á eignum og/eða rekstri Skeljungs
- Þekking á færeysku viðskipta- eða lagaumhverfi
- Önnur reynsla úr orkugeiranum, t.a.m. olíugeiranum eða tengdum geirum

### II. Stjórn Skeljungs hf.

Í stjórn Skeljungs eiga sæti eftirtaldir aðilar:

- Jón Diðrik Jónsson, stjórnarformaður.

Jón Diðrik er eigandi Draupnis Fjárfestingafélags ehf. og einn af eigendum Senu ehf. auk þess að vera forstjóri félagsins. Á árunum 2005-2007 var Jón Diðrik framkvæmdarstjóri hjá Glitni en þar áður var hann forstjóri Ölgerðar Egils Skallagrímssonar frá 2001. Milli 1990 og 2001 var Jón Diðrik í stjórnunarstöðu hjá The Coca-Cola Company víðs vegar um heiminn.

Jón Diðrik er með BS gráðu í markaðsfræðum frá Florida Institute of Technology, MA gráðu í alþjóðastjórnun, MBA gráðu frá Thunderbird School of Management og OPM gráðu frá Harvard Business School.

Jón Diðrik á um 1% hlut í Skeljungu.

Það er mat tilnefningarnefndar, út frá leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti, að Jón Diðrik sé óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu.

- Trausti Jónsson, varaformaður stjórnar.

Trausti Jónsson starfar í sérhæfðum fjárfestingum hjá Stefni og er einn af sjóðsstjórum SÍA I, SÍA II og SÍA III. Áður var hann í fyrirtækjaráðgjöf Arion banka og hefur hann einnig unnið hjá Eignastýringu Kaupþings m.a. við eignastýringu fjárfesta og samsettar afurðir. Auk þess var Trausti stundakennari í eignastýringu og fjármálagerningum hjá Háskóla Íslands og Háskólanum á Bifröst. Trausti er sitjandi stjórnarmaður í Skeljungu og Verne Holdings Ltd og í varastjórn Jarðborana. Jafnframt situr Trausti í fjölda stjórna á vegum Stefnis.

Trausti er með B.Sc. gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.

Trausti á ekki hlut í Skeljungu.

Það er mat tilnefningarnefndar, út frá leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti, að Trausti sé óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en háður stórum hluthöfum í félaginu.

- Birna Ósk Einarsdóttir, meðstjórnandi.

Birna Ósk Einarsdóttir er framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs hjá Símanum. Áður var hún framkvæmdastjóri yfir markaðs- og vörusviði en einnig stýrði hún einstaklingssviði Símans um skeið. Birna situr í stjórn Gildis, lífeyrissjóðs, og Radiómiðunar.

Birna er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá HÍ, M.A. gráðu í stjórnun og stefnumótun frá HR og AMP (Advanced Management Program) gráðu frá IESE Business School.

Birna á ekki hlut í Skeljungu.

Það er mat tilnefningarnefndar, út frá leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti, að Birna sé óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu.

- Gunn Ellefsen, meðstjórnandi.

Gunn Ellefsen er lögmaður og einn eigenda lögmannsstofunnar Advokatfélagið við Strond 4 í Færeyjum og hefur umfangsmikla reynslu á því sviði.

Gunn hefur lokið lögmannsprófi frá Háskólanum í Kaupmannahöfn.

Gunn á ekki hlut í Skeljungu.

Það er mat tilnefningarnefndar, út frá leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti, að Gunn sé óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu.

- Jens Meinhard Rasmussen, meðstjórnandi.

Jens Meinhard Rasmussen er framkvæmdastjóri Skanski Offshore, sem er þjónustufyrirtæki við gas- og olíuskip. Hann er jafnframt stjórnarformaður Smyril Line A/P og the Faroese Merchant Shipowners Association, auk þess að vera meðstjórnandi hjá International Chamber of Shipping.

Jens Meinhard er með Cand. jur. gráðu frá Háskólanum í Kaupmannahöfn, auk þess að vera með skipstjórpróf frá Føroya Sjómannsskúli.

Jens Meinhard á ekki hlut í Skeljungu.

Það er mat tilnefningarnefndar, út frá leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti, að Jens Meinhard sé óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu.

Kynjahlutföll í stjórn eru jöfn en þar sitja nú tvær konur og þrír karlar.

### *III. Mat á framboðum*

Við gerð tillögu að samsetningu stjórnar lítur tilnefningarnefnd til þeirra verkefna sem framundan eru hjá Skeljungu og til þess að stjórnin, sem heild, búi yfir breidd í hæfni, reynslu og þekkingu. Nefndin hefur hliðsjón af þeim þáttum sem skilgreindir eru í lið I hér að framan. Það er þó ekki markmið með tillögu tilnefningarnefndar að hver og einn hinna skilgreindu lykilorða endurspeglar í stjórninni. Markmið tillögunnar er að hæfni, reynsla og þekking stjórnarinnar sé líkleg til að styðja við farsælt starf og þróun Skeljungs hf., til hagsbóta fyrir félagið og hluthafa þess.

Fimm framboð bárust til aðalstjórnar, öll frá núverandi stjórnarmönnum; Birnu Ósk Einarsdóttur, Gunn Ellefsen, Jens Meinhard Rasmussen, Jóni Diðrik Jónssyni og Trausta Jónssyni.

Nefndin yfirfór framboðin með tilliti til samsetningar og breiddar í hæfni- og þekkingu hópsins. Það er mat nefndarinnar að helstu lykilorðum, sem skilgreindir höfðu verið af nefndinni, sé að finna á meðal frambjóðenda. Með hliðsjón af þeim verkefnum og áskorunum sem Skeljungur stendur frammi fyrir og með hliðsjón af reynslu og þekkingu frambjóðendanna á fyrirtækinu, telur nefndin að þessi framboð tryggji breidd í hæfni, reynslu og þekkingu. Jafnframt að færni stjórnarmanna sé af þeim toga að hún nýtist félaginu og dótturfélögum þess og tryggi hagsmuni hluthafa.

Fyrir liggur mat á óhæði frambjóðendanna, sem fullnægir kröfum leiðbeininga VÍ o.fl., auk þess sem framkomin framboð uppfylla kröfur laga um kynjahlutföll.

Með hliðsjón af framansögðu telur tilnefningarnefnd ekki ástæðu til þess að leita sérstaklega að öðrum frambjóðendum til aðalstjórnar.

Ekki eru við undirritun skýrslunnar til staðar varamenn stjórnar. Ljóst er að fyrir aðalfundinn verður lögð tillaga um að ekki muni lengur sitja varamenn stjórnar. Verði sú tillaga felld leggur nefndin eftirfarandi aðila í varastjórn félagsins:

- Birgir Birgisson

Birgir Birgisson hefur verið framkvæmdastjóri Hildu ehf., dótturfélags Eignasafns Seðlabanka Íslands, frá árinu 2011. Á árunum 2005-2010 var Birgir lögmaður hjá Landsbankanum og þar áður, frá 2001, hjá LOGOS lögmansþjónustu.

Birgir er með embættispróf frá lagadeild Háskóla Íslands frá 2001, auk héraðsdóms-lögmansréttinda frá árinu 2002.

Birgir á ekki hlut í Skeljungu.

Það er mat tilnefningarnefndar, út frá leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti, að Birgir sé óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu.

- Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir

Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir hefur verið forstjóri Kaffitárs ehf. frá árinu 2016. Á árunum 2014-2016 var hún forstjóri Men & Mice ehf. og á árunum þar áður forstöðumaður markaðsdeildar Símans hf. Áður en Kristbjörg gekk til liðs við Símann hafði hún unnið hjá Össuri hf. í 11 ár við vörustjórnun, sem forstöðumaður og síðar framkvæmdastjóri, og sem framkvæmdastjóri alþjóðamarkaðssviðs.

Kristbjörg Edda er með B.A. gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands, frá árinu 1999, og M.Sc. gráðu í stjórnun og stefnumótun frá Háskóla Íslands og Viðskiptaháskólanum í Árósum. Hún hefur jafnframt setið mörg námskeið á sviði stjórnendapjálfunar, frá EHÍ, Harvard Business School, Berkley Business School og London Business School.

Kristbjörg Edda á ekki hlut í Skeljungu.

Það er mat tilnefningarnefndar, út frá leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti, að Kristbjörg Edda sé óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu.

Tilnefningarnefnd telur að reynsla, hæfni og þekking ofangreindra frambjóðenda í varastjórn falli vel að verkefnum Skeljungs hf. og áskorunum í rekstri fyrirtækisins. Báðir frambjóðendurnir hafa stjórnunarreynslu og þekkingu sem nýtist við rekstur fyrirtækja almennt, þau hafa bæði þekkingu og hæfni til að leggja mat á þætti sem varða stefnumótun, breytingastjórnun, áhættur í rekstri, fjármál og mannauð. Þá hafa báðir frambjóðendur tiltekna styrkleika því til viðbótar, bæði vegna náms og reynslu.

Fyrir liggur mat á óhæði frambjóðendanna, sem fullnægir kröfum leiðbeininga VÍ o.fl., auk þess sem framkomin framboð til varastjórnar Skeljungs hf. uppfylla kröfur laga um kynjahlutföll.

Ekki hafa borist önnur framboð til stjórnarinnar, þegar skýrsla þessi er undirrituð. Tilnefningarnefnd veur þó athygli á því að nefndin tekur til skoðunar framboð sem berast uns tvær vikur eru til aðalfundar og áskilur sér, ef til þess kemur, rétt til þess að breyta tillögu sinni uns tíu dagar eru til aðalfundar. Unnt er að senda inn framboð allt að fimm dögum fyrir aðalfund og hafa slík framboð fullt gildi en verða ekki metin af tilnefningarnefnd og geta því ekki orðið hluti af tillögu nefndarinnar. Framboðseyðublöð og leiðbeiningar má finna á heimasíðu Skeljungs.

#### IV. Starfsreglur tilnefningarnefndar

Við störf tilnefningarnefndar kom í ljós ósamræmi á milli starfsreglna nefndarinnar og leiðbeininga Viðskiptaráðs o.fl. um góða stjórnarhætti, hvað varðar tímasetningu framsetningar tillagna nefndarinnar. Nefndin leggur því til breytingar á starfsreglum sínum hvað þetta varðar auk annarra minni háttar breytinga.

#### Tillögur tilnefningarnefndar til aðalfundar Skeljungs hf.

##### I. Tillaga um fundarstjóra.

Tilnefningarnefnd leggur til að Viðar Lúðvíksson, hrl., verði kosinn fundarstjóri aðalfundar Skeljungs hf. 2017.

##### II. Tillaga um stjórn

Tilnefningarnefnd leggur til að eftirtaldir frambjóðendur verði kjörnir í aðalstjórn Skeljungs:

- Birna Ósk Einarsdóttir
- Gunn Ellefsen
- Jens Meinhard Rasmussen
- Jón Diðrik Jónsson
- Trausti Jónsson

Tilnefningarnefnd leggur til að eftirtaldir frambjóðendur verði kjörnir í varastjórn Skeljungs, komi til slíkrar kosningar:

- Birgir Birgisson
- Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir

##### III. Tillögur um breytingar á starfsreglum

###### a. Tilnefning stjórnarmanns á miðju starfstímabili.

Tilnefningarnefnd leggur til eftirfarandi undirstrikaða viðbót við j-lið 2. gr. reglnanna, um hlutverk nefndarinnar:

Ef til þess kemur að stjórnarmaður láti af störfum á starfstímabilinu, að tilnefna nýjan stjórnarmann í samræmi við ofangreind viðmið og leggja fyrir sérstakan hluthafafund, verði stjórn við brotthvarfið ekki lengur ákvörðunarþær eða komi um það beiðni frá stjórn.

Lögum samkvæmt er ekki þörf á kosningu nýs stjórnarmanns, sé stjórnin ákvörðunarþær með þeim stjórnarmönnum og varamönnum sem eftir eru. Ákveðinn kostnaður og fyrirhöfn fylgir kosningu nýs stjórnarmanns. Þá kann að vera skammt til aðalfundar þegar stjórnarmaður lætur af störfum.

*b. Skipan tilnefningarnefndar*

Tilnefningarnefnd leggur til eftirfarandi undirstrikaða viðbót við 2. málslíð 1. mgr. 3. gr. reglnanna, um skipan nefndarinnar:

Framboð og tillögur að nefndarmönnum skulu liggja fyrir á vefsíðu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Breytingatillagan skýrir sig sjálf.

*c. Birting tillögu nefndarinnar.*

Tilnefningarnefnd leggur til að í stað 2. mgr. 7. gr., sem er svohljóðandi:

Í auglýsingu til hluthafafundar, skemmst þremur vikum fyrir fund, þar sem stjórnarkjör er á dagskrá skal tilnefningarnefnd óska eftir framboðum til stjórnar sem berast skulu nefndinni eigi síðar en tveimur vikum fyrir fund. Vegna eðlis og umfangs starfa nefndarinnar getur nefndin ekki lagt mat á framboð sem berast eftir það tímamark. Skal tillaga nefndarinnar um tilnefningar stjórnarmanna til hluthafafundar liggja fyrir á vefsíðu félagsins eigi síðar en tíu dögum fyrir hluthafafund.

komi eftirfarandi texti:

Tillaga tilnefningarnefnd skal send ásamt fundarboði til hluthafafundar, skemmst þremur vikum fyrir fund þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Þar skal jafnframt bent á unnt sé að senda inn framboð til stjórnar þar til fimm dögum fyrir fundinn en að tilnefningarnefnd geti ekki, vegna eðlis og umfangs starfa nefndarinnar, lagt mat á framboði sem berast eftir að tvær vikur eru til fundarins. Eins að nefndin áskilji sér rétt til þess að breyta framkominni tillögu þar til tíu dagar eru til fundarins. Skal tillaga nefndarinnar um stjórn félagsins jafnframt birt á vefsíðu félagsins í kjölfar útsendingar fundarboðsins.

Núgildandi ákvæði starfsreglnanna stangast á við grein 1.5.11 í leiðbeiningum Viðskiptaráðs o.fl. um góða stjórnarhætti, er gerir ráð fyrir birtingu tillögu tilnefningarnefndar samhliða fundarboði. Er slíkt jafnframt í samræmi við ákvæði 4. tl. 1. mgr. 88. gr. d hlutafélagalaga er fjallar um birtingu annarra tillagna til aðalfundar.

Benda má á að samkvæmt 1. mgr. 7. gr. starfsreglna tilnefningarnefndar skulu birtar upplýsingar á vefsíðu félagsins um það hvernig hluthafar geta lagt fram tillögur fyrir tilnefningarnefndina og um það hvernig aðrir geta komið framboðum sínum á framfæri við nefndina, auk þess sem að nefndin hefur samkvæmt b-lið 4. gr. heimild til þess að hafa samband við hluthafa í tengslum við framkvæmd starfa sinna. Frambjóðendur hafa því allt árið um kring upplýsingar um það hvernig þeir geta kunnert um framboð sín, auk þess sem nefndin getur nálgast hluthafana beint til þess að óska eftir tilnefningum, telji hún þess þörf.

Reykjavík, 21. febrúar 2017,

Jón Diðrik Jónsson  
Katrín S. Óladóttir  
Trausti Fannar Valsson

*Viðaukar:*

- I. Gildandi starfsreglur tilnefningarnefndar
- II. Utanaðkomandi nefndarmenn tilnefningarnefndar
- III. Framboðseyðublað
- IV. Sitjandi stjórn Skeljungs



## Viðauki I

# STARFSREGLUR TILNEFNINGARNEFNDARAR SKELJUNGS HF.

## *CODE OF CONDUCT FOR SKELJUNGUR HF. 'S NOMINATION COMMITTEE*

### **1. Markmið Objectives**

Markmið með skipun tilnefningarnefndar er að koma á gagnsæju og skýru fyrirkomulagi tilnefninga stjórnarmanna á aðalfundi félagsins, sem m.a. skapar hluthöfum þess forendur fyrir upplýstri ákvarðanatöku.

*The goal of establishing a Nomination Committee is to establish a transparent and clear procedure for the nomination of Board Members at the Company's Annual General Meeting. The procedure is intended to enable the shareholders to make a more informed decision regarding Board Membership.*

Einnig er það markmið með skipun nefndarinnar að tryggja að stjórn félagsins hafi yfir að búa breidd í hæfni, reynslu og þekkingu. Jafnframt að færni stjórnarmanna sé af þeim toga að hún nýtist félaginu og dótturfélögum þess.

*A second goal is to ensure that the Company's Board is sufficiently diverse, when it comes to capabilities, experience and knowledge. Also that the Board Members' capabilities are usable for the Company and its daughter companies.*

### **2. Hlutverk og skyldur Role and obligations**

Tilnefningarnefnd hefur ráðgefandi hlutverk við val á stjórnarmönnum og leggur tillögur þess efnis fyrir aðalfund. Við framkvæmd starfa sinna skal tilnefningarnefnd taka mið af heildarhagsmunum hluthafa félagsins

*The Nomination Committee has an advisory role regarding the election of Board Members by putting forth a proposal at the Annual General Meeting. The Nomination Committee shall take into account the overall interests of the Company's shareholders.*

Hlutverk nefndarinnar felst m.a. í eftirfarandi:

*The Committee's role is e.g.:*

- a) Mat á því hvort starfsreglur nefndarinnar séu fullnægjandi og framlagning tillögu um breytingu á starfsreglunum fyrir aðalfund, ef þörf krefur.

*Evaluation of the Committees Code of Conduct and putting forth an amendment proposal at the Annual General Meeting, if it sees fit.*

- b) Að óska eftir tillögum að stjórnarmönnum frá hluthöfum, tímanlega fyrir aðalfund félags.

*Requesting proposals from the shareholders, regarding Board Members, in a timely manner before the Annual General Meeting.*

- c) Að taka á móti framboðum og tillögum hluthafa og annarra að stjórnarmönnum.

*Receiving declarations of candidacy and proposals from shareholders and others regarding Board Members.*

- d) Mati á hæfni, reynslu og þekkingu tilvonandi stjórnarmanna, m.a. út frá leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja<sup>1</sup>, hvað varðar stærð og samsetningu stjórnar, og út frá árangursmati stjórnar, hvað varðar samsetningu stjórnar og hæfni stjórnarmanna.

*Assessing prospective Directors based on capabilities, experience and knowledge of potential Board Members, e.g. with regards to the ICC and other's guidelines on corporate governance, regarding the size and combination of the Board, and with regards to the Board's performance analysis, regarding the combination of the Board and the competence of the Board Members.*

- e) Mati á óhæði tilvonandi stjórnarmanna, í samræmi við leiðbeiningar VÍ o.fl.

*Evaluating the independence of prospective Directors, with regards to ICC and other's guidelines on corporate governance.*

- f) Að gæta að lögbundnum kynjahlutföllum í stjórn félagsins.

*Ensure that statutory demands regarding gender ratios are met.*

- g) Kynningu á öllum framboðum til stjórnarsetu á aðalfundi.

*Presenting all candidates for Board Membership at the Annual General Meeting.*

- h) Gerð skriflegrar skýrslu til aðalfundar um það hvernig nefndin hafi hagað störfum sínum, auk kynningar á þeirri skýrslu á aðalfundi.

*Delivering a written report to the Annual General Meeting regarding the Committee's work and presenting the report at the meeting.*

- i) Gerð rökstuddrar, skriflegrar tillögu til aðalfundar um kosningu stjórnarmanna, byggðri á ofangreindum atriðum, auk kynningar á þeirri tillögu á aðalfundi.

*Delivering a reasoned, written proposal to the Annual General Meeting regarding Board Membership, based on the above mentioned criteria, and to present the proposal at the meeting.*

- j) Ef til þess kemur að stjórnarmaður láti af störfum á starfstímabilinu, að tilnefna nýjan stjórnarmann í samræmi við ofangreind viðmið og leggja fyrir sérstakan hluthafafund.

*If a Director leaves the Board during the year, to propose a new Director to a special shareholders' meeting, according to the criteria above.*

### **3. Skipan Appointment**

Í auglýsingu til hluthafafundar, skemmst þremur vikum fyrir fund, þar sem kjör tilnefningarnefndar er á dagskrá skal stjórn óska eftir framboðum til tilnefningarnefndar sem berast skulu stjórninni eigi síðar en fimm dögum fyrir fund. Tillögur að nefndarmönnum skulu liggja fyrir á vefsíðu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund. Nefndarmenn skulu kosnir til eins árs í senn. Tvo nefndarmenn skal hluthafafundur kjósa en nýkjörin stjórn félagsins skal skipa einn úr stjórn í nefndina í kjölfar hluthafafundar. Fyrirkomulag samþykktu um kosningu stjórnarmanna, og um framkvæmd kosningar, skal gilda um kosningu nefndarmannanna tveggja í tilnefningarnefnd.

*In the advertisement regarding a shareholders' meeting, at latest three weeks before a meeting, where the election of a Nomination Committee shall take place, the Board shall call for declarations of candidacy for the Nomination Committee, which shall be delivered no later than five days before the meeting. Proposals regarding committee members shall be available on the Company's*

---

<sup>1</sup> Hér eftir vísað til sem leiðbeininga VÍ o.fl.

*website no later than two days before the meeting. The Committee is established for one year at a time. Two committee members are elected by the shareholders' meeting and the new Board elects one of their own after the shareholders' meeting. The arrangement regarding the shareholders' voting of Committee Members shall be the same as for voting Board Members, according to the Articles of Association.*

Tilnefningarnefnd skal skipuð þremur mönnum. Meirihluti nefndarinnar skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Í það minnsta einn nefndarmanna skal vera óháður stórum hluthöfum félagsins. Við mat á óhæði skal miðað við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um góða stjórnarhætti.

*The Nomination Committee shall consist of three members. The majority of the Committee shall be independent of the company and its day-to-day management. At least one member shall be independent of the Company's major shareholders. The evaluation of independence shall be based on the ICC and others' guidelines on corporate governance.*

Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar. Leitast skal við að í nefndinni sitji einn aðili er hefur reynslu af ráðningum eða hæfisnefndum og einn lögfróður aðili. Þriðji nefndarmaðurinn skal vera stjórnarmaður. Hvorki stjórnendur félagsins né starfsmenn þess skulu eiga sæti í tilnefningarnefnd. Nýir nefndarmenn skulu fá leiðsögn og upplýsingar um störf og starfshætti nefndarinnar.

*The Committee Members shall have the knowledge and experience to carry out the committee's role. The Committee shall preferably consist of a person with experience with recruitment and a lawyer. The third Member shall be a Board Member. Neither the Company's management nor its employees shall be members of the Committee. New Committee Members shall receive information and guidance on the work and procedures of the committee.*

Tilnefningarnefnd skal, á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund, kjósa sér formann úr hópi nefndarmanna. Stjórnarmaður félagsins skal ekki gegna formennsku í nefndinni. Jafnframt skal nefndin útnefna ritara nefndarinnar.

*The Nomination Committee shall, at its first meeting after the Annual General Meeting, elect a Chairman. The Board Member may not be the Chairman of the Committee. The Committee shall also elect a secretary.*

Starfskjör nefndarmanna skulu ákveðin á aðalfundi.

*The Committee's remuneration shall be decided at the Annual General Meeting.*

#### **4. Heimildir** **Authorizations**

Tilnefningarnefnd er veitt heimild til að:

*The Nomination Committee is authorized to:*

- a) afla faglegrar ráðgjafar sem hún telur nauðsynlega til að sinna hlutverki sínu. Ráðgjafar skulu vera óháðir félaginu, daglegum stjórnendum og þeim stjórnarmönnum sem ekki eru óháðir. Það er nefndarinnar að ganga úr skugga um óhæði ráðgjafa þessara. Við mat á óhæði ráðgjafa skal miða við sömu sjónarmið og þegar óhæði stjórnarmanna er metið. Öflun faglegrar ráðgjafar skal tilkynnast forstjóra félagsins með formlegum hætti

*hire a professional advice as it deems necessary to carry out its role. The Advisors shall be independent of the Company, its day-to-day management and those Board Members who*

*are not independent. It is the Committee's role to ensure the independence of the advisors. The evaluation shall be based on the evaluation of Board Members. The hiring of advisors shall be formally reported to the CEO.*

- b) hafa samband við hluthafa í tengslum við framkvæmd starfa sinna  
*to contact the shareholders, in relations to the Committee's work*
- c) hafa óheftan aðgang að stjórn og stjórnendum  
*have free access to the Board and the management*
- d) fá ótakmarkaðan aðgang að upplýsingum sem hún telur nauðsynlegar til að sinna hlutverki sínu  
*get unlimited access to the information it deems necessary to fulfill its functions*

## **5. Fundir** **Meetings**

Nefndin skal halda fundi eftir þörfum. Formaður nefndarinnar stýrir fundum hennar. Ritari nefndarinnar skal rita fundargerðir, sem skulu einungis aðgengilegar nefndarmönnum nema nefndin ákveði annað.

*The Committee shall hold meetings when it considers it necessary. The Chairman of the Committee manages its meetings. The Secretary shall take minutes, which shall only be accessible to the Committee Members, unless they decide otherwise.*

Að minnsta kosti einn fundur skal haldinn án aðkomu stjórnarmanns nefndarinnar.  
*At least one meeting shall be held without the presence of the Board Member.*

## **6. Þagnar- og trúnaðarskylda** **Confidentiality**

Á tilnefningarnefndarmönnum hvílir þagnar- og trúnaðarskylda um störf sín, málefni fyrirtækisins og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum Skeljungs, lögum eða eðli máls. Þagnar- og trúnaðarskylda helst þótt látið sé af starfi. Öll gögn skulu varðveitt með tryggilegum hætti.

*Committee Members are to uphold a confidentiality agreement on their work, the Company's matters and other items as they become aware of in their work and must be kept confident in accordance with the Company's articles, the law or the nature of the case. Professional secrecy and confidentiality remains even after the termination of employment. All data shall be kept in a secure manner.*

## **7. Birting upplýsinga** **Publication of information**

Tilkynna skal um skipun nefndarmanna á vefsíðu félagsins strax í kjölfar aðalfundar. Einnig skulu þar birtar upplýsingar um það hvernig hluthafar geta lagt fram tillögur fyrir tilnefningarnefndina eða komið að athugasemdum sínum varðandi stjórn félagsins og um það hvernig aðrir geta komið framboðum sínum á framfæri.

*The appointment of Committee Members shall be announced on the Company's website following the Annual General Meeting. Information on how shareholders can make proposals to the Committee or make comments regarding the Company's Board and on how prospective Directors can contact the Committee, shall also be published on the website.*

Í auglýsingu til hluthafafundar, skemmst þremur vikum fyrir fund, þar sem stjórnarkjör er á dagskrá skal tilnefningarnefnd óska eftir framboðum til stjórnar sem berast skulu nefndinni eigi síðar en tveimur vikum fyrir fund. Vegna eðlis og umfangs starfa nefndarinnar getur nefndin ekki lagt mat á framboð sem berast eftir það tímamark. Skal tillaga nefndarinnar um tilnefningar stjórnarmanna til hluthafafundar liggja fyrir á vefsíðu félagsins eigi síðar en tíu dögum fyrir hluthafafund.

*In the advertisement regarding a shareholders' meeting, at latest three weeks before a meeting, where the election of a Board Member shall take place, the Committee shall call for declarations of candidacy, which shall be delivered no later than two weeks before the meeting. Because of the nature and scope of the Committee's work it cannot evaluate candidates who are presented later. The Committee's proposal to the shareholders regarding Board Members shall be available on the Company's website no later than ten days before the meeting.*

Starfsreglur þessar skulu birtar á heimasíðu félagsins.

*This Code of Conduct shall be published on the Company's website.*

\* \* \*

Þannig samþykkt á hluthafafundi, þann 16. september 2016.  
*So approved by a shareholders' meeting, September 16, 2016*

Undir ritar stjórn eða prókúruhafi:  
*Signatures of the Board of Directors or the Procuration Holder:*

## Viðauki II

Utanaðkomandi nefndarmenn í tilnefningarnefnd:

### **Katrín S. Óladóttir**

Katrín S. Óladóttir hefur starfað hjá Hagvangi síðan 1983, fyrst sem ráðningarstjóri og síðar eigandi frá árinu 1986. Frá 2003 hefur hún starfað sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins og sinnir daglegum rekstri þess. Hún hefur sérhæft sig í mati og ráðningum lykilstjórnenda bæði hjá einkafyrirtækjum og opinberum stofnunum. Um árabíl hefur Katrín einnig unnið með stjórnnum fyrirtækja að tilnefningum stjórnarmanna.

Katrín á ekki hlut í Skeljungi.

Hún telst óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.

### **Trausti Fannar Valsson**

Trausti Fannar Valsson er dósent við lagadeild Háskóla Íslands. Áður var hann lögfræðingur hjá embætti umboðsmanns Alþingis og lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Trausti Fannar er með Cand. jur gráðu frá Háskóla Íslands.

Trausti Fannar á ekki hlut í Skeljungi.

Hann telst óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu.

### Viðauki III

## Framboð til stjórnar eða varastjórnar Skeljungs hf.

*Ath. að heimilt er að senda jafnframt inn sérstaka ferilskrá og vísa til hennar um þá þætti er fram koma á eyðublaði þessu, eftir því sem við á.*

Nafn frambjóðanda: \_\_\_\_\_

Framboð til:                      aðalstjórnar [ ]                      varastjórnar [ ]

Kennitala: \_\_\_\_\_

Heimilisfang: \_\_\_\_\_

Menntun: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Aðalstarf: \_\_\_\_\_

Starfsferill: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvenær tók frambjóðandi fyrst sæti í stjórn Skeljungs, ef við á: \_\_\_\_\_

Önnur trúnaðarstörf, t.a.m. stjórnarseta í öðrum félögum: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Eignarhlutir í félaginu, beint eða í gegnum tengda aðila: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hagsmunatengsl við a) helstu viðskiptaaðila<sup>2</sup>, b) helstu samkeppnisaðila félagsins<sup>3</sup> eða c) stóra hluthafa í félaginu<sup>4</sup>:

a) \_\_\_\_\_

b) \_\_\_\_\_

c) \_\_\_\_\_

<sup>2</sup> Hér er miðað við stóra kaupendur eða birgja að eldsneyti og öðrum olíum, stóra kaupendur að áburði eða að efnavörum til iðnaðar- og matvælaframleiðslu. Jafnframt stóra kaupendur eða birgja að húshitunarbúnaði og á smásölumarkaði í Færeyjum.

<sup>3</sup> Félagið starfar helst á sviði innkaupa, birgðahalds, dreifingar og sölu á eldsneyti og öðrum olíum, áburði og efnavörum, á Íslandi og á sviði innkaupa, birgðahalds og dreifingar á eldsneyti og öðrum olíum, þægindavöruslana og sölu á húshitunarbúnaði í Færeyjum.

<sup>4</sup> Hér er átt við hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 10% af heildarhlutafé eða atkvæðavægi í félaginu, einn eða í samstarfi við tengda aðila. Listi yfir stærstu hluthafa Skeljungs er birtur á heimasíðu félagsins á slóðinni: <http://www.skeljungur.is/um-skeljung/fjarfestar/hluthafar-skeljungs/>. (Þann 19.1. átti einungis SÍA II slhf. beint stærri hlut en 10% í Skeljungu.)

Önnur tengsl við félagið eða daglega stjórnendur þess:

1. Er frambjóðandi starfsmaður Skeljungs eða nátengds félags<sup>5</sup> eða hefur verið það undanfarin þrjú ár áður en hann tekur sæti í stjórn félagsins? Já [ ] Nei [ ]

Ef svo er, vinsamlegast útskýrið: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

2. Þiggur frambjóðandi eða hefur hann þegið verulegar greiðslur frá Skeljungi, nátengdu félagi eða daglegum stjórnendum þess, fyrir utan stjórnarlaun, t.d. sem ráðgjafi eða verktaki, undanfarin þrjú ár áður en hann tekur sæti í stjórn félagsins? Já [ ] Nei [ ]

Ef svo er, vinsamlegast útskýrið: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

3. Er frambjóðandi eða hefur hann verið síðastliðið ár í umtalsverðum viðskiptum við félagið eða nátengd félög, hvort sem miðað er við Skeljung eða frambjóðandann, t.a.m. sem viðskiptavinur, birgir eða samstarfsaðili, eða hefur frambjóðandi mikilla annarra viðskiptahagsmuna að gæta í félaginu, hvort heldur persónulega eða í gegnum annað félag? Já [ ] Nei [ ]

Ef svo er, vinsamlegast útskýrið: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

4. Er frambjóðandi einn af daglegum stjórnendum annars félags, þar sem einn af stjórnarmönnum þess er daglegur stjórnandi í Skeljungi? Já [ ] Nei [ ]

Ef svo er, vinsamlegast útskýrið: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

5. Er frambjóðandi eða hefur hann verið, undanfarin þrjú ár áður en hann tekur sæti í stjórn Skeljungs, meðeigandi KPMG eða nátengds félags<sup>6</sup>, eða starfsmaður sem hefur tekið þátt í ytri endurskoðun Skeljungs? Já [ ] Nei [ ]

Ef svo er, vinsamlegast útskýrið: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

6. Er frambjóðandi tengdur nánum fjölskylduböndum<sup>7</sup> daglegum stjórnendum félagsins og/eða aðila sem nefndur er í töluliðunum hér að framan, ef sá aðili er í beinum eða óbeinum viðskiptum við félagið og þau eru slík að umfangi að ekki er réttlætanlegt að telja stjórnarmanninn óháðan? Já [ ] Nei [ ]

Ef svo er, vinsamlegast útskýrið: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

---

<sup>5</sup> Með „félagi nátengdu Skeljungi“ er átt við Magn P/F, S-fasteignir ehf., Bensínorkuna ehf., Tollvörugæymslu Skeljungs hf., Birgðastöðina Miðsandi ehf., Vegsauka ehf., Eldsneytisafgreiðsluna á Keflavíkurlflugvelli (EAK) ehf., EBK ehf. og Fjölver ehf.

<sup>6</sup> Með „félagi nátengdu KPMG“ er átt við félag þar sem KPMG ræður yfir, hvort heldur beint eða óbeint, að lágmarki 10% af heildarhlutafé eða atkvæðavægi. Ef KPMG ræður yfir 50% eða meira af heildarhlutafé eða atkvæðavægi í öðru félagi skal félagið teljast hafa óbein yfirráð yfir eignarhlutum síðarnefnda félagsins í öðrum félögum.

<sup>7</sup> Hér er miðað við 2. tl. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/3993, þ.e. ef viðkomandi stjórnarmaður er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.



Önnur tengsl við stóra hluthafa<sup>8</sup> í Skeljungu:

1. Hefur frambjóðandi bein eða óbein yfirráð<sup>9</sup> yfir Skeljungu eða er stjórnarmaður eða starfsmaður hjá aðila sem hefur yfirráð yfir Skeljungu? Já [ ] Nei [ ]

Ef svo er, vinsamlegast útskýrið: \_\_\_\_\_

2. Á frambjóðandi stóran hlut í Skeljungu eða er hann stjórnarmaður eða starfsmaður hjá aðila sem á stóran hlut í Skeljungu? Já [ ] Nei [ ]

Ef svo er, vinsamlegast útskýrið: \_\_\_\_\_

3. Tengist frambjóðandi stórum hluthöfum á annan hátt en hér að framan greinir, sem frambjóðandi vill greina frá? (Hafa má til hliðsjónar þá liði er taldir eru upp á fyrri blaðsíðu.)

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

Er frambjóðandi lög- og fjárráða? Já [ ] Nei [ ]

Hefur frambjóðandi á síðustu þremur árum, í tengslum við atvinnurekstur, hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldprot eða opinber gjöld? Já [ ] Nei [ ]

---

<sup>8</sup> „Stór hluthafi“ er hver sá sem ræður yfir a.m.k. 10% af heildarhlutafé eða atkvæðavægi í félaginu, einn eða í samstarfi við tengda aðila. Stærstu hluthafa Skeljungs má finna á heimasíðu Nasdaq Iceland á slóðinni: <http://www.nasdaqomx.com/transactions/markets/nordic/corporate-actions/iceland>.

<sup>9</sup> Með yfirráðum er átt við 50% eða meira af heildarhlutafé eða atkvæðavægi.

Við gerð tillögu að samsetningu stjórnar mun tilnefningarnefnd líta til þeirra verkefna sem framundan eru hjá Skeljungu og til þess að stjórnin, sem heild, búi yfir breidd í hæfni, reynslu og þekkingu. Nefndin mun í því sambandi m.a. hafa hliðsjón af neðangreindum þáttum:

- a) Áhættustjórnun
- b) Breytingastjórnun
- c) Endurskoðun
- d) Fjármálastjórnun
- e) Lögfræði
- f) Mannauðsstjórnun
- g) Markaðsmál
- h) Sérþekking á lögum og lagalegu umhverfi fyrirtækisins
- i) Stefnumótun og áætlanagerð
- j) Stjórnunarreynsla – almenn
- k) Stjórnunarreynsla úr orkufyrirtæki, olúfélagi eða sambærilegu fyrirtæki
- l) Tækniþekking á sviði fyrirtækisins eða annarra sviða orkugeirans
- m) Þekking á alþjóðlegu umhverfi olúgeirans eða annarra orkugeira
- n) Þekking á eignum og/eða rekstri Skeljungs
- o) Þekking á færeysku viðskipta- eða lagaumhverfi
- p) Önnur reynsla úr orkugeiranum, t.a.m. olúgeiranum eða tengdum geirum
- q) Önnur atriði er frambjóðandi telur skipta máli

Þess er óskað að frambjóðendur skili inn stuttri greinargerð um það hvernig þeirra þekking og reynsla nýtist stjórn Skeljungs.

---

staður, dags.

---

undirskrift frambjóðanda

Meðfylgjandi:

Ferilskrá

Greinargerð um lykilhæfni og -þekkingu

## Viðauki VI

Sitjandi stjórn Skeljungs hf.

### Jón Diðrik Jónsson, stjórnarformaður

<i>Fyrst kjörinn í stjórn:</i>	janúar 2014.
<i>Menntun:</i>	B.Sc. Marketing, Florida Institute of Technology 1988, Master Int'l Management, Thunderbird School of Global Management 1990, Owner/President Management (OPM), Harvard Business School Executive Education 2013.
<i>Aðalstarf:</i>	Forstjóri Senu ehf.
<i>Starfsferill:</i>	Markaðsstjóri Olís 1988-1989, stjórnandi hjá Coca-Cola Company 1990-2001 á Norðurlöndunum, Singapore og Malasíu, Póllandi og Slóveníu, forstjóri Ölgerðarinnar 2001-2004, framkvæmdastjóri hjá Íslandsbanka / Glitni 2005-2007, eigandi / stjórnandi Draupnis Fjárfestingafélags ehf. frá 2007 og forstjóri Senu frá 2015.
<i>Önnur trúnaðarstörf:</i>	Stjórnarformaður Senu ehf. og dótturfélaga, Draupnis fjárfestingafélags ehf., Draupnis-Siglu ehf. og Húsafells hraunlóða ehf., meðstjórnandi í stjórn Magn P/F, Húsafell Resort ehf. og Alþjóðaskólans á Íslandi ehf., sæti í fulltrúaráði Verzlunarskóla Íslands, og í fjárfestingaráði fyrir SÍA I slhf. og SÍA II slhf.
<i>Eignarhlutur í Skeljungu:</i>	98% hlutur í Draupni fjárfestingafélagi ehf., sem á um 1% hlut í Skeljungu og tæpan 0,7% hlut í SÍA II slhf. (Stefnir íslenski athafnasjóðurinn II), sem er eigandi að rúmum 14,5% hlut í Skeljungu.
<i>Störf fyrir Skeljung:</i>	Stjórnarstörf og seta í undirnefndum stjórnar Skeljungs. Stjórnarseta hjá dótturfélagi Skeljungs í Færeyjum, Magn P/F.
<i>Hagsmunatengsl:</i>	Auk framangreinds eignarhlutar á Jón Diðrik, sem áður segir, sæti í fjárfestingaráði SÍA II slhf., sem á um 14,5% hlut í Skeljungu.

Samkvæmt mati tilnefningarnefndar Skeljungs er Jón Diðrik óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.

### Trausti Jónsson, varaformaður stjórnar

<i>Fyrst kjörinn í stjórn:</i>	febrúar 2016.
<i>Menntun:</i>	B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands 2006, próf í verðbréfavíðskiptum frá Háskólanum í Reykjavík 2008.
<i>Aðalstarf:</i>	Sjóðsstjóri í sérhæfðum fjárfestingum hjá Stefni hf.
<i>Starfsferill:</i>	Stundakennari við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands 2006-2009, stundakennari við Háskólann á Bifröst 2009, Eignastýring Kaupþings Banka 2005-2008, Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka 2009-2012, sjóðsstjóri hjá Stefni hf. frá 2012.
<i>Önnur trúnaðarstörf:</i>	Ýmis stjórnarseta og framkvæmdastjórn lögaðila tengdum SÍA sjóðum Stefnis hf., meðstjórnandi hjá Verne holdings ltd og sæti í varastjórn Jarðborana hf. og Magn P/F.
<i>Eignarhlutur í Skeljungu:</i>	Enginn.
<i>Störf fyrir Skeljung:</i>	Stjórnarstörf og seta í undirnefndum stjórnar Skeljungs. Varamaður stjórnar dótturfélags Skeljungs í Færeyjum, Magn P/F.

*Hagsmunatengsl:* Framkvæmdastjóri og prókúruhafi SÍA II slhf., sem á um 14,5% hlut í Skeljungu.

Samkvæmt mati tilnefningarnefndar Skeljungs er Trausti óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en háður stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.

### **Birna Ósk Einarsdóttir, meðstjórnandi.**

*Fyrst kjörin í stjórn:* maí 2015.

*Menntun:* B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík 2001, M.Sc. í stjórnun og stefnumótun frá Háskóla Íslands 2008, AMP (Advanced Management Program) frá IESE Business School 2015.

*Aðalstarf:* Framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs Símans hf.

*Starfsferill:* Ýmis sérfræði- og stjórnunarstörf hjá Símanum frá árinu 2001, t.a.m. kynningafulltrúi, ráðningastjóri, stjórnendaráðgjafi, forstöðumaður verkefnastofu og markaðsmála, framkvæmdastjóri einstaklingssviðs og framkvæmdastjóri vöru- og nýsköpunarsviðs.

*Önnur trúnaðarstörf:* Meðstjórnandi hjá Sensa hf. og Radiómiðun ehf. Varamaður stjórnar hjá Magn P/F.

*Eignarhlutur í Skeljungu:* Enginn.

*Störf fyrir Skeljung:* Stjórnarstörf og seta í undirnefndum stjórnar Skeljungs. Varamaður stjórnar dótturfélags Skeljungs í Færeyjum, Magn P/F.

*Hagsmunatengsl:* Engin.

Samkvæmt mati tilnefningarnefndar Skeljungs er Birna Ósk óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.

### **Gunn Ellefsen, meðstjórnandi**

*Fyrst kjörin í stjórn:* apríl 2016.

*Menntun:* Cand. Jur. frá Háskólanum í Kaupmannahöfn 2004.

*Aðalstarf:* Lögmaður hjá Advokatfélagið við Strond 4.

*Starfsferill:* Störf fyrir Advokatfélagið frá 2004; sem lögmaður frá 2007 og eigandi frá 2012.

*Önnur trúnaðarstörf:* Stjórnarmaður hjá Magn P/F, Sp/f Advokatsmápartafélagið Gunn Ellefsen og Advokatfélagið við Strond 4 Í/F

*Eignarhlutur í Skeljungu:* Enginn.

*Störf fyrir Skeljung:* Stjórnarstörf og seta í undirnefndum stjórnar Skeljungs. Stjórnarmaður dótturfélags Skeljungs í Færeyjum, Magn P/F.

*Hagsmunatengsl:* Engin.

Samkvæmt mati tilnefningarnefndar Skeljungs er Gunn óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.

## Jens Meinhard Rasmussen, meðstjórnandi

<i>Fyrst kjörinn í stjórn:</i>	maí 2014.
<i>Menntun:</i>	Skipstjóraþróf frá Faroese Maritime Academy, Tórshavn 1997. Cand. Jur. frá Háskólanum í Kaupmannahöfn 2005.
<i>Aðalstarf:</i>	Framkvæmdastjóri Skansi Offshore.
<i>Starfsferill:</i>	Fyrsti stýrimaður hjá Bornholmstrafikken A/S 2002-2004, skipamiðlari hjá Atlantic Shipping 2005-2006 og framkvæmdastjóri Skansi Offshore frá 2006.
<i>Önnur trúnaðarstörf:</i>	Stjórnarformaður P/F Smyril Line, Magn og the Faroese Merchant Shipowners Association, meðstjórnandi hjá International Chamber of Shipping.
<i>Eignarhlutur í Skeljungu:</i>	Enginn.
<i>Störf fyrir Skeljung:</i>	Stjórnarstjóri. Stjórnarformaður dótturfélags Skeljungs í Færeyjum, Magn P/F.
<i>Hagsmunatengsl:</i>	Jens Meinhard er stjórnarformaður Smyril Line A/P, sem er viðskiptavinur Magn P/F, dótturfélags Skeljungs í Færeyjum.

Samkvæmt mati tilnefningarnefndar Skeljungs er Jens Meinhard óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.